

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðast svo:

Efni sem eru markaðssett skulu vera pökkuð og merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ákvæði reglugerðar nr. 866/2012 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efna-blandna og í samræmi við upplýsingar sem fást við beitingu ákvæða 12. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

2. gr.

Við 8. gr. bætast tveir nýir stafliðir; l- og m-liður, sem orðast svo:

- l) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 453/2010 frá 20. maí 2010 sem breytir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 1. hluta, frá 27. september 2012, 2012/EES/54/58, bls. 561-603.
- m) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 366/2011 frá 14. apríl 2011 sem breytir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), nánar tiltekið viðauka XVII (Akrýlamíð), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 27. september 2012, 2. hluta, 2012/EES/54/94, bls. 1270-1271.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. október 2012.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*